

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 13. júní 2019 í máli nr. S-805/2018:

Ákærvaldið

(Einar Laxness aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Ólafur V. Thordersen lögmaður)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 20. maí síðastliðinn, var höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 20. nóvember 2018, á hendur X, kt. [...], Þýskalandi, „fyrir brot í nánu sambandi, með því að hafa föstudaginn 22. júlí 2016, innandyra að [...] í Reykjavík, veist með ofbeldi að dóttur sinni, B, kt. [...], með því að hafa rifið í hár B, kýlt hana í andlitið, ýtt henni í gólfið og upp við vegg, allt með þeim afleiðingum að B hlaut nefbrot (nefbeinabrot), bólgu yfir hægra kinnbeini og hreyfleysli aftur yfir kjálkaliðinn.

Telst þetta varða við 218. gr. b, almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu Sigurðar Freys Sigurðssonar, lögmanns, fyrir hönd B, kt. [...], er krafist miskabóta úr hendi ákærða X, kt. [...] að fjárhæð kr. 2.500.000,- auk vaxta af skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/ 2001 um vexti og verðtryggingu, vegna fjártjóns frá 01.01.2015, þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta frá skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. skaðabótalaga frá þeim degi til greiðsludags.“

Réttargæslumaður brotaþola krefst þóknunar.

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Hann krefst þess að bótakröfunni verði vísað frá dómi. Þá er þess krafist að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

II

Upphaf málsins er að lögreglan var kvödd að heimili vinkonu brotaþola 10. september 2016. Þar hafði brotaþoli fengið að dvelja í nokkra daga hjá vinkonunni og

móður hennar. Í lögregluskýrslunni segir að brotþoli hafi verið í miklu uppnámi og hafi ástæðan verið sú að bróðir hennar væri á leiðinni til að drepa hana. Lögreglumenn ræddu við brotþola og lýsti hún „grófu ofbeldi af hálfu fjölskyldu sinnar“, eins og segir í skýrslunni. Vegna þessa hefði hún flúið að heiman en bróðir hennar hefði haft samband við hana fyrr þennan dag og sagst ætla að fara með hana heim, en drepa hana ella. Lögreglumenn kölluðu til rannsóknarlögreglumann og fulltrúa félagsmálayfirvalda.

Í skýrslu rannsóknarlögreglumanns um viðtal við brotþola á heimili vinkonu hennar segir að hún og systkini hennar hafi verið beitt ofbeldi frá unga aldri. Þau hafi verið kýld og lamin með belti. Bróðir hennar hafi einnig verið beittur ofbeldi en nú sé hann einnig farinn að beita ofbeldi. Brotþoli lýsti þessu nánar og hvaða ráðum hún beitti til að vera sem minnst heima. Þá er haft eftir henni að henni hefði verið hótad með því að hún myndi aldrei sjá fjölskyldu sína aftur eða að hún yrði drepin ef hún segði frá þessu. Þá er haft eftir brotþola að 22. júlí hefði ákærði, faðir hennar, ráðist harkalega á hana og hefði hún nefbrotnað og bólgnad á kinn. Í framhaldinu hefðu hún og móðir hennar flutt af heimilinu og móðirin hefði lofað að þetta myndi hætta. Þá kom fram hjá brotþola að hún ætti myndir af áverkunum og einnig myndir af áverkum sem hún hefði áður fengið.

Brotþoli leitaði til slysadeildar 22. júlí 2016 klukkan 19:30 „eftir fall í stiga fyrr um daginn. Sagðist hafa dottið í stigaganginum heima á leið í vinnu og skall með andlitið á hægri kinn. Hefur verið verkjuð yfir kinnbeini og aðeins leitt út í kjálkalið einnig aðeins bólga yfir nefi.“ Hún var greind með nefbrot og aðra þá áverka er í ákæru greinir.

Meðal gagna málsins er sjúkraskrá geðsviðs þar sem fram kemur að brotþoli hafi leitað þangað 26. ágúst 2016 vegna mikils kvíða og vanlíðunar. Er haft eftir henni að hún hafi búið við alvarlegt heimilisofbeldi frá því hún muni eftir sér. Nú hafi hún flúið að heiman og búi hjá vinkonu.

Lögreglan tók skýrslu af ákærða. Hann neitaði sök en af skýrslu hans má ráða að hann hefur ekki verið sáttur við hegðun brotþola. Hún hafi verið að heiman og einnig neytti hún áfengis. Ákærði neitaði hins vegar að hafa beitt hana ofbeldi. Af skýrslu hans má enn fremur ráða að oft hafi verið rifist á heimilinu og þar verið mikill hávaði. Hann kannaðist við að brotþoli hefði farið að heiman í júlí 2016 ásamt móður sinni. Ástæðan hefði verið rifrildi þeirra við ákærða. Ákærði kannaðist við að brotþoli hefði sent honum myndir af sér með áverkunum og sagt þá vera af hans völdum. Hann kvaðst ekki hafa verið heima þegar brotþoli fékk áverkana en taldi þá vera vegna áfengisneyslu hennar.

Þá tók lögreglan skýrslur af brotþola og tveim systur hennar. Þær komu allar fyrir dóm og skorudust undan því að bera vitni. Skýrslur þeirra hjá lögreglu verða því ekki reifaðar.

III

Við aðalmeðferð ítrekaði ákærði neitun sína og kvaðst ekki hafa veitt brotþola áverka. Hann kvaðst ekki vita hvað hefði gerst þennan dag á heimilinu þar eð hann hefði verið sofandi. Hann ynni til klukkan fimm eða sex á morgnana og hefði því verið sofandi þennan dag. Ákærði kvaðst hafa frétt um kvöldið þegar hann vaknaði að brotþoli hefði dottið. Kona hans hefði sagt honum það. Sjálfur kvaðst hann ekki hafa séð brotþola fyrr en í apríl 2017. Brotþoli hefði flutt til vinkonu sinnar á þessum tíma.

Brotþoli, tvær dætur ákærða, systur brotþola, og eiginkona hans, móðir brotþola, skorudust undan því að bera vitni.

Vinkona brotþola bar að brotþoli og móðir hennar hefðu flutt að heiman og til ættingja. Vinkonan kvaðst hafa hitt brotþola tveim dögum síðar og séð að hún var öll bólgin í andlitinu og með sólgleraugu. Hún kvaðst hafa spurt brotþola hvað hefði gerst og hún hefði sagt að hún hefði dottið í tröppunum heima hjá sér og skallað handriðið. Brotþoli hefði síðan flutt heim til vinkonunnar. Eftir að brotþoli hafði verið þar í rúma viku hefði brotþoli hringt á lögreglu án þess að láta húsráðanda vita. Lögreglan hefði komið og móðir vinkonunnar, húsráðandi, ekki verið sátt við það. Móðirin hefði sagt að brotþoli mætti vera á heimilinu í tvo til þrjá daga, en þá yrði hún að fara. Vinkonan kvað móður brotþola og systur hafa komið til að reyna að fá brotþola til að koma aftur heim, en hún hefði ekki viljað fara. Brotþoli hefði svo leitað til námsráðgjafa sem hefði sent hana á geðdeild. Þar hefði læknir sagt að hún yrði að kæra þetta. Vinkonan kvað brotþola hafa sagt sér eftir komu lögreglunnar að ákærði hefði ráðist á hana og hefði hún tengt þá frásögn við áverkana sem brotþoli hafði sagt hafa fengið við fallið. Brotþoli hefði ekki lýst árásinni nánar.

Móðir vinkonunnar bar að brotþoli hefði oft dvalið á heimili sínu, enda hefðu þær verið vinkonur, hún og dóttir sín. Hún kvað brotþola hafa verið flutta til ættingja og þá hefði hún sýnt sér mynd í síma sem sýndi bólgið andlit hennar. Brotþoli hefði sagt að hún hefði dottið í stiga. Þegar að því kom að brotþoli þurfti að flytja frá ættingjanum vildi hún ekki fara heim, enda hefði hún verið hrædd við ákærða og bróður sinn. Brotþoli hefði þá flutt til þeirra mæðgna og sagt þeim að ákærði hefði valdið henni áverkunum. Hún hefði ekki dottið í stiga. Nokkru seinna kvaðst móðirin hafa vaknað síðdegis eftir að hafa unnið fram að hádegi og hefði lögreglan þá verið í íbúðinni. Lögreglumenn hefðu sagt að brotþoli væri að kæra ákærða. Næstu þrjá daga hefði brotþoli dvalið á heimilinu en farið þaðan til Stígamóta. Áður hefði brotþoli

sagt að ákærði hefði veitt sér áverkana. Hún hefði ekki sagt frá því fyrr vegna hræðslu við ákærða og bróður sinn. Það hefði einnig verið ástæða þess að brotþoli vildi ekki fara heim til sín.

Önnur vinkona brotþola kvað hana hafa sýnt sér myndir af henni með áverka. Brotþoli hefði sagt sér að ákærði hefði valdið henni þessum áverkum. Þetta hefði brotþoli sagt í september, þegar skólinn var byrjaður. Vinkonunni voru sýndar myndir af áverkum brotþola og kannaðist hún við að brotþoli hefði sýnt sér þessar myndir.

Rannsóknarlögreglumáður, sem kom á vettvang og ritaði framangreinda skýrslu, staðfesti hana. Hann kvaðst hafa hitt brotþola á heimili vinkonu hennar. Brotþoli hefði sagt að hún væri í hættu vegna ákærða og bróður síns. Hún hefði flúið af heimilinu og þá hefði henni borist hótun um að hún kynni að verða drepin. Hann kvaðst hafa rætt við brotþola sem hefði róast smám saman. Ekki hefðu verið sjáanlegir áverkarnir á henni.

Læknir á slysadeild, sem ritaði framangreint vottorð, staðfesti það. Hann kvað brotþola hafa gefið þá skýringu á áverkum sínum að hún hefði fallið í stiga, eins og að framan var rakið. Læknirinn kvaðst ekki hafa efast um frásögn hennar. Áverkarnir voru nýlegir. Hann kvað mjög þungt hnefahögg í andlit hafa getað valdið áverkum brotþola. Þá kvað hann brotþola ekki hafa borið sig eins og hún hefði orðið fyrir líkamsárás.

Hjúkrunarfræðingur á geðdeild kvaðst hafa tekið á móti brotþola á bráðamóttökunni. Brotþoli, sem var nýorðin 18 ára, hefði verið bæði hrædd og brotin. Brotþoli hefði sagt að hún hefði búið við ofbeldi á heimilinu frá því hún myndi eftir sér. Hún hefði átt mjög erfitt með að segja frá þessu og óttast að lögreglan og barnavernd myndu koma að málinu. Þá kom fram að brotþoli hefði farið á slysadeild, en ekki kom fram af hverju það var. Síðar hefði komið fram hjá brotþola að hún hefði sagt ósatt á slysadeildinni. Kvillar brotþola hefðu aðallega verið andlegir og hún verið illa á sig komin.

IV

Ákærði neitar sök og hefur gert svo frá upphafi. Hér að framan var þess getið að brotþoli, sem er dóttir ákærða, skoraðist undan því að bera vitni. Hið sama gerðu systur hennar tvær. Þær höfðu allar gefið skýrslu hjá lögreglu á sínum tíma, en vegna þessarar afstöðu þeirra fyrir dómi verður ekki byggt á lögregluskýrslunum og þær voru því ekki reifaðar. Eiginkona ákærða, móðir brotþola, skoraðist einnig undan því að bera vitni fyrir dómi.

Hér að framan var þess getið að brotþoli leitaði á slysadeild sama dag og ákærði á að hafa veitt henni áverkana. Samkvæmt læknavottorði gaf hún þá skýringu að hún

hefði dottið í stiga, eins og rakið var. Efaðist lækurinn ekki um að skýring hennar væri rétt. Sömu skýringu á áverkunum gaf brotþoli vinkonu sinni og móður hennar eftir að hún flutti til þeirra. Síðar gaf hún þeim þá skýringu að ákærði hefði veitt sér áverkana, eins og rakið var. Hið sama sagði hún vinkonu sinni sem bar um það fyrir dómi. Þá var hér að framan rakið það sem rannsóknarlögreglumaður hafði eftir brotþola í skýrslu. Loks ber að geta skýrslu hjúkrunarfræðings á geðdeild sem rakin var. Hún hafði eftir brotþola að hún hefði búið við ofbeldi á heimili sínu og að hún hefði sagt ósatt á slysadeild um tilurð áverkanna. Lækurinn, sem skoðaði brotþola á slysadeild bar að mjög þungt hnefahögg í andlit gæti hafa valdið áverkum brotþola. Þá er einnig komið fram að brotþoli og móðir hennar fluttu af heimilinu eftir atburðinn 22. júlí og bjuggu á heimili ættingja þeirra sem dvaldi erlendis. Þegar hann kom heim flutti brotþoli til framangreindrar vinkonu. Má af gögnum málsins ráða að hún hafi ekki viljað fara heim. Ákærði bar hjá lögreglu að brotþoli hefði flutt að heiman í júlí 2016 með móður sinni, eins og rakið var.

Þegar allt framangreint er virt er það niðurstaða dómsins að leggja til grundvallar úrlausn málsins það sem brotþoli sagði vitnum og lögreglu og að framan var rakið. Þessi vitni hafa öll borið um frásögn brotþola fyrir dómi. Frásögn hennar fær einnig stuðning af framburði hjúkrunarfræðings sem bar um hana fyrir dómi. Þá er til þess að líta að ákærði kvað brotþola hafa flutt af heimilinu í júlí 2016 ásamt móður sinni. Loks taldi lækur áverka brotþola geta stafað af þungu höggi. Samkvæmt þessu er það niðurstaða dómsins að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi veist að dóttur sinni og kýlt hana í andlitið með þeim afleiðingum að hún nefbrotnaði, bólgnaði yfir hægra kinnbeini og fékk hreyfleysli aftur yfir kjálkaliðinn. Ákærði verður því sakfelldur fyrir þess atlögu. Framangreind gögn sanna ekki, svo óyggjandi sé, að ákærði hafi jafnframt rifið í hár hennar og ýtt henni upp við vegg, eins og hann er ákærður fyrir, og verður hann sýknaður af ákærinni hvað það varðar. Brot ákærða er rétt fært til refsíákvæðis í ákærinni.

Ákærða hefur ekki áður verið refsað og er refsing hans hæfilega ákveðin fjögurra mánaða fangelsi sem bundin skal skilorði eins og í dómsorði segir.

Þrátt fyrir að brotþoli hafi skorast undan því að bera vitni í málinu hefur hún ekki fallið frá bótakröfunni. Miskabætur til hennar eru hæfilega ákveðnar 400.000 krónur og skulu þær bera vexti, eins og í dómsorði greinir. Það athugast að ákærða var birt bótakrafan við þingfestingu 28. mars 2019 og miðast upphaf dráttarvaxta við þann dag er liðnir voru 30 dagar frá henni

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða sakarkostnað og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, sem ákvörðuð eru að meðtöldum virðisaukaskatti í dómsorði. Brotþola var skipaður réttargæslumaður sem krefst þóknunar. Af málgögnum og tímaskýrslu réttargæslumanns má ráða að til rannsóknar hafi verið allumfangsmeira mál en síðar

var ákært fyrir. Samkvæmt því verður ákærða aðeins gert að greiða þóknun réttargæslumanns brotþola að hálfu en að hálfu skal hún greidd úr ríkissjóði. Þóknunin er ákvörðuð að meðtöldum virðisaukaskatti í dómsorði.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveim árum frá deginum í dag að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði B 400.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 22. júlí 2016 til 28. apríl 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 37.800 krónur í sakarkostnað og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs V. Thordersen lögmanns, 801.040 krónur. Þá skal ákærði greiða þóknun réttargæslumanns brotþola, Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, 1.280.610 krónur, að hálfu en að hálfu skal hún greidd úr ríkissjóði.

Arngrímur Ísberg